



STJÓRN SSH 434. fundur

Mánudaginn 10. október 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson
Forföll: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

1. Höfuðborgarstofa og samstarf sveitarfélaganna um markaðssetningu undir „Reykjavík Loves“ /1610003

Á fundinn mætti undir þessum dagskrárlið Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu og greindi frá verkefnum við sameiginlega kynningu og markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins á grundvelli samkomulags sveitarfélaganna frá 18.03.2016.

Umræður

2. Borgarlínan – úrvinnsla að lokinni kynnisferð til Evrópu og Kanada /1610002

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH og Eyjólfur Arni Rafnsson, verkefnisstjóri, sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

- a) Gerð var grein fyrir sérstakri kynningu á helstu niðurstöðum ferðarinnar sem haldin var í borgarráði og bæjarráði í liðinni viku og kynnt verkefna- og tímaáætlun framundan.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að unnið verði að frekari mótun verkefnisins á næstu vikum og mánuðum í samræmi við þá verk- og tímaáætlun sem lögð var fram á fundinum.

Samþykkt var að boða til sérstaks kynningarfundar fyrir alla kjörna aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga föstudaginn 21. október.

Jafnframt fól stjórn SSH formanni og framkvæmdastjóra að hefja nú þegar mótun tillögu að samkomulagi aðildarveitarfélaganna í samræmi við ofangreint sem lögð verði fyrir aðildarsveitarfélögin til samþykktar eins fljótt og auðið er.

3. Aðalfundur SSH 2016

Samþykkt að aðalfundur SSH 2016 verði haldinn í Kópavogi, föstudaginn 25. nóvember nk. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa fundinn og senda fundarboð á þá sem eiga seturétt á fundinum



4. Málefni SORPU bs. – söfnun og förgun plastúrgangs /1606003

Rætt var um mismunandi útfærslu á söfnun sveitarfélaganna á úrgangsplasti og vandkvæði sem því fylgja vegna móttöku og meðhöndlun hjá SORPU bs.

Samþykkt að boða til aukafundar stjórnar mánudaginn 24. október nk. vegna umfjöllunar um rekstrarúttekt byggðasamlaganna og málefna hælisleitenda.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55